

12. september 2023

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda andláta vegna Covid-19 og bólusetningarstöðu látinna fyrir Covid-19. Árið 2023 er til og með maí mánuði.

Ár andláts og fjöldi bólusetninga	59 ára og yngri <i>Fjöldi</i>	60-79 ára <i>Fjöldi</i>	80 ára og eldri <i>Fjöldi</i>	Samtals
<b>2021 samtals</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>1</b>	<b>6</b>
0	2	1	0	3
2	0	1	1	2
3	0	1	0	1
<b>2022 samtals</b>	<b>5</b>	<b>59</b>	<b>149</b>	<b>213</b>
0	2	4	11	18
1	0	0	1	1
2	0	10	14	24
3	2	33	101	136
4	1	12	21	34
5			1	1
<b>2023 samtals</b>	<b>2</b>	<b>6</b>	<b>12</b>	<b>20</b>
3	2	0	1	3
4	0	4	10	14
5	0	2	1	3
<b>Andlát samtals</b>	<b>9</b>	<b>68</b>	<b>162</b>	<b>239</b>

Gögn um andlát vegna Covid-19 voru skoðuð og greind í samvinnu við Miðstöð í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands. Greining var gerð m.t.t. hvort hinn látni væri fullbólusettur við andlát (tvær eða fleiri bólusetningar árið 2021 og þrjár eða fleiri árin 2022 og 2023) og persónuár voru reiknuð eftir árum (til og með maí 2023). Tölur um andlát byggja á skráningum af dánarvottorðum þar sem Covid-19 er talið aðal eða undirliggjandi orsök. Sjá [mælaborð embættis landlæknis](#).

Fyrir árin 2021 og 2023 ein og sér eru andlátstölur of lágar fyrir tölfraeðiúrvinnslu og því ekki áreiðanleg úrvinnsla gerleg fyrir þau ár ein og sér. Fyrir árið 2022 liggja fyrir næg gögn til að vinna með og er marktæk vörn af því að vera fullbólusettur, dánarhlutfall (mortality ratio) 0,55 (95% CI 0,44-0,68),  $p < 0,0001$ . Með öðrum orðum, tæplega helmings líkur á andláti vegna Covid-19 ef fullbólusettur miðað við að vera ekki fullbólusettur.

Ef árin þrjú 2021-2023 (til og með maí 2023) eru skoðuð saman í heild reiknast einnig marktæk vörn hjá fullbólusettum gegn andláti vegna Covid-19 með dánarhlutfall 0,59 (mortality ratio) (95% öryggisbil 0,46-0,74),  $p < 0,0001$ .

Þegar tölur eru skoðaðar og úttektir gerðar við aðstæður eins og þessar er mikilvægt að skoða tölur í samhengi við mannfjölda í mismunandi aldurshópum og fjölda bólusettra á hverjum tíma. Aðferðafræðin sem var notuð var Poisson aðhvarfsgreining á fjölda dauðsfalla miðað við persónuár í líkani sem var leiðrétt fyrir aldri og ári. Skekkjan var metin með samloku-metli (sandwich estimator) til að forða ofmati á nákvæmni.

**Guðrún Aspelund**  
**Sóttvarnalæknir**

---

**Gögn:**

Ar	Aldur	Bolusettur	Andlat	Lifandi	N	LengdTímabils	PersonuAr
2021	0-59	1	0	151900	151900	1	151900
2021	0-59	0	2	146326	146328	1	146328
2021	60-79	1	2	57381	57383	1	57383
2021	60-79	0	1	6852	6853	1	6853
2021	80+	1	1	11623	11624	1	11624
2021	80+	0	0	1466	1466	1	1466
2022	0-59	1	3	137066	137069	1	137069
2022	0-59	0	2	171113	171115	1	171115
2022	60-79	1	45	59132	59177	1	59177
2022	60-79	0	14	7074	7088	1	7088
2022	80+	1	123	11868	11991	1	11991
2022	80+	0	26	1505	1531	1	1531
2023	0-59	1	2	133532	133534	0.42	55639
2023	0-59	0	0	174647	174647	0.42	72770
2023	60-79	1	6	60874	60880	0.42	25367
2023	60-79	0	0	5332	5332	0.42	2222
2023	80+	1	12	12796	12808	0.42	5337
2023	80+	0	0	586	586	0.42	244